

# Íslenskur iðnaður

SI

11. tbl. 12. árg.

Fréttablað Samtaka iðnaðarins

Nóvember 2006



Átta glæsilegar stjórnmalakonur stígu fram í sviðsljósið á sýningu Tískuteyma SI á sýningunni Konan 2006 sunnudaginn 22. október.

Þær voru: Ásta Möller (D), Bryndís Haraldsdóttir (D), Dagný Jónsdóttir (B), Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S), Krístrún Heimisdóttir (S), Margrét Sverrisdóttir (F), Sigríður Anna Þórðardóttir (D) og Siv Friðleifsdóttir (B).

Sjá nánari umfjöllun á miðopnu.

## Ný staða Íslands í utanríkismálum - Tengsl við önnur Evrópulönd

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands efnir til ráðstefnu föstudaginn 24. nóvember undir yfirskriftinni „Ný staða Íslands í utanríkismálum - Tengsl við önnur Evrópulönd.“ Ráðstefnan verður haldin í fundarsal Þjóðminjasafns frá 12:30 til 17:30. Sjá dagskrá á [www.hi.is/ams](http://www.hi.is/ams)

bls. 2



Íbúalýðræði  
og atvinnulíf

bls. 4-5



Keppt um  
marga góða  
bita á bygginga-  
markaði

bls. 8



Öflugur  
matvælaíðnaður  
í stöðugri  
framþróun

bls. 10



Óbilandi trú á  
íslenskum iðnaði

bls. 11



Tæknimenntuðum  
fjölgar ekki nógu  
hratt

# Íbúalýðræði og atvinnulíf

**F**lest bendir til að framundan sé atkvæðagreiðsla í Hafnarfirði um stækkun álversins í Straumsvík. Við fyrstu sýn er þetta sniðug hugmynd. Íbúalýðræði er nútímalegt fyrirbæri og vinsælt meðal stjórnámálanna ekki síst í aðdraganda kosninga og þegar tekist er á um viðkvæm deilumál. Þegar betur er að gáð er þetta hins vegar alls ekki góð hugmynd.

## Álverið í Straumsvík hefur verið þar lengi

Í fyrsta lagi er of seint að greiða atkvæði um það hvort byggja eigi álver í Straumsvík. Álverinu var valinn staður fyrir 35 árum og fullseint að fara að greiða atkvæði um það núna. Álverið hefur verið kyrrt á sínum stað en byggðin í Hafnarfirði hefur hins vegar nálgast álverið. Ef til vill hefði verið nær að greiða um það atkvæði fyrir löngu hversu nálægt álverinu ætti að byggja.

## Vinsældakosning forsenda starfsleyfis?

Í öðru lagi hefur álverið keypt lóð vegna fyrirhugaðrar stækkunar og síðan unnið viðamikil umhverfismat og annað það sem til þarf vegna stækkunar álversins. Allir vita að það er bæði kostnaðarsamt og tímafrekt verkefni að undirbúa stórframkvæmd af þessu tagi. Flestum þykir nóg um alla þá þætti sem þarf að skoða, meta og rannsaka til þess að fá starfsleyfi. Hér virðist ætlunin að bæta enn einni hindrun á þessa leið í formi atkvæðagreiðslu. Slík atkvæðagreiðsla meðal íbúa á nærliggjandi svæði á sér hvergi á stoð í opinberum reglum. Hér er verið að breyta leikreglunum eftir á. Íþyngjandi afturvirkar reglur eru alltaf í meira lagi vafasamar.

## Margar spurningar vakna

Enginn veit hvernig standa á að slíkri atkvæðagreiðslu og vakna margar spurningar í því sambandi: Hvernig er staðið að kynningu til kjósenda? Hver ber kostnað af nauðsynlegri kynningu? Er ekki líklegt að fámennur hópur áhugamanna og jafnvel niðurrifsmanna verði alls ráðandi í slíkri atkvæðagreiðslu en almenningur láti sér fátt um finnast? Er niðurstaðan bindandi? Hverjir eiga að greiða atkvæði í svona kosningu? Eiga aðeins þeir sem best þekkja og vinna í álverinu og þeirra fjölskyldur að kjósa? Eiga allir íbúar á höfuðborgarsvæðinu eða öllu landinu að greiða atkvæði? Varðar þetta mál ekki fleiri en Hafnarfirðinga?

## Misheppnað fordæmi

Eitt örfárra dæma um tilraun til íbúalýðræðis hér á landi var hin einkennilega atkvæðagreiðsla um Reykjavíkurflugvöll um árið. Hún gaf enga niðurstöðu og var ekki bindandi. Þátttaka var lítil og enginn valkostur gefinn. Einungis spurt hvort flugvöllurinn ætti að fara eða vera. Einungis íbúar Reykjavíkur voru spurðir. Þegar tillögur um það hvar og hvernig innanlandsflug á að vera í framtíðinni, verður ef til vill tímabært að greiða atkvæði að nýju.

## Margir mega eiga von á að verða kosnir út í hafsauga

Sú spurning vaknar hvað yrði um fjöldann allan af fyrirtækjum innan Samtaka iðnaðarins ef þeim yrði gert að taka þátt í slíkri atkvæðagreiðslu í sínu sveitarfélagi. Steypu- og malbikunarstöðvum yrði úthýst Stórar og „ljótar“ vöruskemmur og verksmiðjur færu sömu leið. Efnaiðnaður, geymsluport, dráttarbrautir og endurvinnslustöðvar fengju ekki mörg atkvæði nema helst frá þeim sem þar starfa. Hið sama ætti við um fiskvinnslu og aðra matvælavinnslu enda fylgja slíkri starfsemi óþrif og ólykt. Næst yrði atkvæðagreiðsla um samgöngumál. Þar yrði niðurstaðan sú að kjósendur myndu vilja greiðar samgöngur en myndu hafna allri þungaumferð í eigin nágrenni. Þannig mætti áfram greiða atkvæði um hvaðeina sem ráðamenn treysta sér ekki til að axla ábyrgð á.

## Flestir andvígir því sem þeir ekki þekkja

Ef auka á íbúalýðræði í reynd væri rétt að leyfa almenningi að hafa skoðun og jafnvel áhrif á skipulagsmál almennt. Það kemur vissulega vel til greina að almenningur fái að tjá sig um almennar leikreglur sem gilda um atvinnurekstur í landinu t.d. á sviði umhverfismála. Það er hins vegar flótti frá eigin ábyrgð að henda umdeildum ákvörðunum um staðsetningu einstakra fyrirtækja í kosningu þar sem kjósendurnir hafa engar forsendur til að taka efnislega afstöðu. Þá greiða menn atkvæði á þeirri forsendu að öruggast sé að vera á móti því sem þeir þekkja ekki.

## Vindhanar eru afleitir stjórnámálammenn

Í Noregi er flokkur sem kallaður er Framfaraflokkurinn og nýtur mikils fylgis. Flokkurinn gerir að sinni stefnu hugmyndir sem taldar eru eiga hljómgrunn hjá almenningi á borð við þær að verja peningum úr digrum Olíusjóði Norðmanna og takmarka innflutning fólks af erlendum uppruna. Hins vegar þegar kemur að mikilvægum málefnum á borð við aðild Noregs að ESB, þar sem vitað er að skoðanir eru skiptar, þá tekur flokkurinn ekki afstöðu. Forráðamenn hans vilja afgreiða málið með þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að hafa sjálfir neina stefnu. Þeir snúast eftir almenningssáliti líkt og vindhanar eftir því hvernig vindurinn blæs. Það eru afleitir stjórnámálammenn sem þannig vinna.



**Sveinn Hannesson**  
framkvæmdastjóri SI



## Aðalfundur SUT

**A**ðalfundur Samtaka íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja – SUT var haldinn 31. október. Á fundinum fór Guðmar Guðmundsson, formaður SUT, yfir starfsemina á liðnu starfsári en tilboðið um 3ju stoðina hefur verið þungamiðja í starfi stjórnar SUT undanfarið ár. Í tilboðinu koma fram, á einum stað, helstu baráttumál samtakanna, s.s. málið og umfang hins opinbera í eigin tölvurekstri. Með tilboðinu átti að tífalda útflutningstekjur upplýsingatækni á 6 árum, auka sölu staðlaðra lausna, stóruka hýsingu fyrir erlenda aðila og fjölgastörfum um 3.000.

Á aðalfundi SUT fyrir ári fór Sigfús Sigfússon hjá iðnaðar og viðskiptaráðuneytinu yfir stöðu tilboðsins innan stjórnáráðsunnar. Sigfús gat þess að ágætur samhljómur væri milli ýmissa atriða 3ju stoðarinnar og stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004 –2007 en þar væru fjölmörg verkefni falin ráðuneytum til ábyrgðar sem unnið væri að. Sigfús sagði að iðnaðarráðherra hefði tekið mjög vel í tilboðið um 3ju stoðina og hefði mikinn metnað fyrir hönd íslensks upplýsingatækniiðnaðar um eflingu hans á næstu árum.

Eftir því sem leið á starfsárið jókst óþreyja stjórnar SUT eftir áþreifanlegum



vísbindingum að unnið væri að verkefninu og um tíma var rætt um að eðlilegast væri að draga tilboðið formlega til baka. Úr því varð þó ekki og vilji er til þess að gera úrslitalitlaun um að upplýsinga- og hátækni iðnaður verði þriðja stoðin í verðmætasköpun og gjaldyristekjum þjóðarinnar árið 2010. Hlutverk nýrrar stjórnar SUT verði að fylgja eftir málum 3ju stoðarinnar.

Á aðalfundinum var kosin ný stjórn og hana skipa: Eggert Claessen formaður, Stefán Jóhannesson, Þekkingu, Hilmar Veigar Pétursson, CCP, Guðmar Guðmundsson, TM Software, Jón Ingi Björnsson, Trackwell, Þórólfur Árnason, Skýrr og Sigrún Guðjónsdóttir, Inn.

*Guðmundur Ásmundsson*



## Í heimsókn hjá Marel

Rúmlega 60 nemendur við Iðnskólann í Hafnarfirði heimsóttu Marel hf. fyrir skömmu. Magnús Þór Ásmundsson, framleiðslustjóri, tók glaður á móti hópnum og sagði m.a. að þetta væri fólkið sem fyrirtækið hefði þörf fyrir.

Heimsókn nemenda Iðnskólans í Hafnarfirði í Marel er samstarfsverkefni skólans, Marels og Samtaka iðnaðarins. Nemendurnir koma af öllum brautum skólans en eiga það sameiginlegt að vera í áfanga um lífsleikni. Stundatöflum nemenda var hliðrað til svo að hægt væri að taka á móti þeim öllum í einu í fyrirtækinu.

Dagskráin hófst í húsakynnum Iðnskólans í Hafnarfirði þar sem fulltrúi Samtaka iðnaðarins, Ingi Bogi Bogason, og fulltrúi Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, Friðrik Ágúst Ólafsson, kynntu íslenskan iðnað og samtök sín stuttlega. Að því loknu var ekið að húsakynnum Marels í Garðabæ þar sem Ylfa E. Jakobsdóttir, starfsmannastjóri, Magnús Þór Ásmundsson, framleiðslustjóri, og Sigurður Orri Steinþórsson tóku á móti hópnum.

Magnús flutti erindi um Marel og síðan voru gestir leiddir um framleiðslusali fyrirtækisins. Starfsemin vakti greinilega áhuga nemenda enda spurðu þeir margs.

Heimsóknin þótti takast mjög vel. Iðnskólinn hefur áhuga á að halda samstarfinu áfram enda fá nemendur að sjá með eigin augum til hvers nám þeirra nýtist. Marel hefur einnig áhuga á að fá iðn- og starfsmenntanemendur í heimsókn því að eftirspurn eftir t.d. suðumönnum og vélvirkjum er stöðug.

Hægur vandi er að koma á sambærilegu samstarfi annarra skóla og iðnfyrirtækja ef áhugi er fyrir hendi. Samtök iðnaðarins eru reiðubúin að stuðla að slíku.

*Ingi Bogi Bogason*

**Keppt að sama marki**  
Upplýsingabæklingur fyrir fyrirtæki í Samtökum iðnaðarins

**Vörupróun  
Næring  
Hreyfing**

**SI**  
Samtök iðnaðarins

## Vörupróun - næring - hreyfing

*Upplýsingabæklingur fyrir fyrirtæki í Samtökum iðnaðarins*

Samtök iðnaðarins hafa gefið út upplýsingabækling fyrir félagsmenn sína í matvæla iðnaði undir kjörorðinu: Keppt að sama marki. Þar er fjallað um vörupróun, næringu og hreyfingu og framleiðendur hvattir til að huga að næringargildi matvæla við vörupróun, sjá til þess að góðar upplýsingar um næringargildi séu aðgengilegar fyrir neytendur og huga að heilsueflingu innan fyrirtækisins. Þannig geta fyrirtækin stuðlað að bættri heilsu bæði starfsmanna sinna og almennings.

Bæklingnum verður dreift til matvælaframleiðenda í SI innan skamms ásamt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og hreyfingu.



Viðtal við stjórnendur Ísl

# Keppt um margan bygging

Starfsmenn ÍAV á turni Grand hótels við Sigtún

Íslenskir aðalverktakar hf., ÍAV, hafa lengi verið eitt öflugasta verktakafyrirtæki landsins en fyrirtækið var stofnað árið 1954 og er því meðal allra elstu starfandi verktakafyrirtækja landsins. Það var upphaflega stofnað að frumkvæði íslenskra stjórnvalda til að sinna verktöku fyrir Varnarliðið á Keflavíkurlugvelli en var breytt í hlutafélagið árið 1997. Fyrir þremur árum keypti eignarhaldsfélag starfsmanna ÍAV hlut íslenska ríkisins í fyrirtækinu og í framhaldinu aðra hluti í félaginu. Rekstur þess hefur breyst mikið frá stofnun þess og það lætur nú til sín taka á öllum sviðum byggingariðnaðar, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar, mannvirkjagerð, jarðvinnu eða gatnagerð en vaxandi hluti starfseminnar er á sviði eiginframkvæmda og nýsköpunar. Samtök iðnaðarins tóku nýlega hús á ÍAV og ræddu við Gunnar Sverrisson, forstjóra, Karl Þráins-

son, aðstoðarforstjóra og Eyjólf Gunnarsson, framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs.

### Fjölbreytt verkefni

Þess sjást víða merki að ÍAV er með mörg járn í eldinum. Meðal helstu verkefna um þessar mundir eru Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð sem rís brátt á norðurbakka Reykjavíkurhafnar, 200 herbergja turn við Grand Hótel, þjónustumiðstöð Essó við Hringbraut, bygging Háskólatorgs, skrifstofu- og þjónustuhús við Borgartún, skrifstofubygging við Glæsibæ, íþróttahús Ármanns og Þróttar, fjölbýlishús við Sóltún, Lindargötu og víðar á höfuðborgarsvæðinu, gatnagerð í Reykjanesbæ, íbúðabyggingar á Austurlandi og stækkun Lagarfossvirkjunar. Á undanförum árum hefur ÍAV m.a. sinnt verkefnum eins og brúargerð, stækkun Ísals, reist snjóflóðavarnargarða og unnið að framkvæmdum við virkjanir og jarð-

boranir. Alls eru um 100 stór og smá verkefni í gangi á hverjum tíma að sögn Gunnars.

### Keppt um góða bita á markaði

Gunnar segir að bygging Tónlistarhússins skapi fyrirtækinu sérstaka stöðu næstu þrjú árin. Þótt boðaður samdráttur í verklegum framkvæmdum fyrr á þessu ári hefði átt sér stað skapaði verkefnið ÍAV nokkra sérstöðu og það hefði ekki fundið fyrir samdrættinum með sama hætti og flest önnur byggingafyrirtæki. Karl segir að flestir verktakar séu háðari tilboðsverkum en ÍAV sem hafi að vísu tekið þátt í þeim en á síðustu misserum hafi fyrirtækið keypt lóðir, byggt og selt íbúðir á almennum markaði á eigin vegum en einnig fyrir opinbera- sem og einkaaðila. „Við höfum sinnt ýmsum slíkum verkefnum og erum því ekki eins háðir almennum tilboðsverkefnum og aðrir – en spilum þó með. Nú eru allmargir góðir bitar sem keppt er um á markaði.“

# Íslenskra aðalverktaka Góða bita á gammarkaði



## Fimm stærstu fyrirtækin með 20-25% markaðarins

Eyjólfur Gunnarsson, framkvæmdastjóri sölu og markaðssviðs, segir að mikil samkeppni margra verktaka einkenni nýbyggingarmarkaðinn en fimm stærstu aðilarnir eru einungis með 20-25% af markaðnum. „Það er á skjön við flesta aðra markaði þar sem tveir til fjórir aðilar eru með 80-90% markaðshlutdeild og nægir að nefna í því samhengi mat-væla-, fjölmíðla-, olíu-, trygginga- og fjármálamarkaði. Á nýbyggingarmarkaði eru mjög margir verktakar sem byggja 10-30 íbúðir á ári.“

## Staðsetning skiptir íbúðakaupendur nú meira máli en áður var

Gunnar segir að kaupendur setji staðsetningu íbúðarhúsnæðis meira fyrir sig en áður var. „Góð staðsetning selur frekar og þá skiptir ekki máli þótt hægi á markaðnum. Við vorum að fara af stað í Sóltúni 8-12 með sölu á 33 íbúðum og þó

nokkrar íbúðir eru þegar seldar og þær dýrustu seldust fyrst þótt sala íbúðanna hafi ekki staðið yfir í nema rúmar tvær vikur. Við keyptum fyrir nokkrum árum flestar lóðir sem við höfum verið að byggja á og eigum eftir að byggja á og höfum notið þess. Það voru jafnvel lóðir sem við gerðum samning um að eignast eða keyptum fyrir 5-8 árum og það er langur meðgöngutími.“ Að sögn Karls eru íbúðabyggingar nú 30-40% af verkefnum ÍAV en fyrirtækið rekur líka fasteignabjónustu sem felst í að sinna viðhaldi, ráðgjöf og ýmiss konar umsýslu eigna auk þjónustuborðs sem opið er allan sólarhringinn. Sú starfsemi þróaðist út frá umsvifum ÍAV á Keflavíkflugvelli en hefur nú færst í aukana utan vallar. Gunnar segir að ÍAV kappkosti að viðhafa vönduð vinnubrögð. Tækni- og verkfræðivinna sé aðkeypt en áhersla lögð á að skipta við verkfræðistofur sem hafa gæðakerfi.

## Almennt góð reynsla af erlendum starfsmönnum

Þegar talið berst að reynslu fyrirtækisins af erlendum starfsmönnum segir Gunnar að þeir erlendu starfsmenn sem ráðnir hafi verið hafi reynst prýðilega. Orðið hefði að fresta ýmsum verkefnum eða hætta við ef ekki hefði tekist að manna þau með erlendu vinnuafli en skortur á því hefði víða valdið erfiðleikum. Starfsmenn á launaskrá ÍAV eru nú um 600 og undirverktakar álíka margir.

## Kerfið svifaseint

Karl segir að framtíðin sé full af tækifærum. Haldið verði áfram með þróunarverkefni eins og í Sóltúni, taka reiti og þróa íbúðabyggingar eða eitthvað annað. Hann segir að ÍAV eigi náð samstarfi við sveitarfélögin og leiti oft fanga við að leysa vanda tengdan gömlum og úreltum svæðum og Lýsisreiturrinn sé gott dæmi þar um. Þar sé unnið með borgaryfirvöldum að byggingu hjúkrunarheimilis en allt taki þetta sinn tíma og stundum geri menn sér óraunhæfar hugmyndir í því efni. Hann segir að ferlið sé dýrt og svifaseint enda geti liðið 5-10 ár frá því að lóðir eru keyptar þar til byggingar rísa. Ástæðan sé m.a. sú að umhverfismat og grenndarkynning séu tímafrek ferli en öllu verra sé þegar langan tíma tekur að koma eðlilegu ferli í kring og tafir verði vegna seinangangs í kerfinu af ýmsum ástæðum en það breytist vonandi með nýjum byggingarlögum. Hann segir að endurskoða þurfi byggingarreglugerð enda sé þar ýmislegt orðið úrelt.

Þóra Kristín Jónsdóttir

## Þekkingarauður fyrirtækja – þekkingarskýrslur

Norræna verkefni Putting IC into practice - PIP lauk nú í haust en Samtök iðnaðarins og Samtök upplýsingatækni fyrirtækja voru í forsvari fyrir verkefni. Verkefnið fékk veglegan styrk frá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni - NICE og samstarfsaðilar voru samtök UT-fyrirtækja á öllum Norðurlöndum.

Tuttugu og eitt UT fyrirtæki var beinn þátttakandi í verkefni, þar af fimm hér á landi; Hugvít, Tölvumiðlun, ANZA, Ax hugbúnaðarhús og TM-Software.

Afrakstur verkefnisins er m.a. leiðbeiningar um hvernig standa skuli að gerð þekkingarskýrslu sem viðbót við hefðbundin reikningsskil og lýsir verðmætum sem ekki er að finna í venjulegum ársreikningi. Leiðbeiningarnar lýsa því hvernig eigi að gera grein fyrir þeim verðmætum og hvaða mælikvarða eigi að nota til þess. Ennfremur er að finna ráðleggingar til fyrirtækja um hvernig eigi að vinna að stefnumótun og upptöku viðurkenndra verkfæra við stjórnun fyrirtækja.

SI og SUT kynna afrakstur verkefnisins á næstunni og munu um leið vekja áhuga annarra starfsgreina á að nýta leiðbeiningar um tilgang og mikilvægi skráningar ófinslegra verðmæta fyrirtækja.

Guðmundur Ásmundsson



Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
11. tbl. 12. árg. Nóvember 2006  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 21.11.2006  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastþökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Rafn Hafnfjörð bls. 2, Odd Stefán  
Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101- Kennitala: 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.-

SIV



Ásta



BRYNDÍS



Kynning SI og fagfélaga á sýningunni KONAN

## Níu stjórnmalakonur fengu heildræn

Hátt í átta þúsund konur sóttu viðburðinn KONAN í Laugardalshöll helgina 20. til 22. október. Þar var í boði fjöldi fyrirlestra og tískusýninga og á annað hundrað aðilar kynntu vörur og þjónustu sérstaklega ætlaða konum.

Tískuteymi SI, fagfélög og framsækin fyrirtæki innan SI, tóku þátt í viðburðinum með bás og glæsilegri sýningu á sviði Hallarinnar. Þau voru:

**F.h. Klæðskera- og kjólameistarafélagsins:**

- GuSt / Guðrún Kr. Sveinbjörnsdóttir
- Kjóll og klæði
- Klæðskerahöllin
- MG saumur - MG föt
- Selma Ragnarsdóttir / Listauki
- Sólrún Ásta Steinsdóttir

**F.h. Meistarafélags í hárgreiðslu:**

- Hár- og snyrtihúsið Ónix
- Hársaga
- Hársnyrtistofan Höfuðlausnir
- Hársnyrtistofan Sparta
- Hárstofan Ýr
- Pílus hársnyrtistofa
- Team hárstúdíó
- Xit hárstofa

**Snyrtistofan Jóna og SPA feegurð**

- í Félagi Íslenskra snyrtifræðinga

**Gullkúnnst Helgu**

- í Félagi Íslenskra gullsmiða

**Úra- og skartgripaverslun Heide**

- í Úrsmiðafélagi Íslands

**Barna- og fjölskylduljósmyndir**

- í Ljósmyndarafélagi Íslands

**Leðuriðjan ATSON**

MARGRÉT



**TÍSKU  
TEYMI SI**  
fagmennska í tísku - lausnir fyrir alla





Ingibjörg



JÓNÍNA



Kristrún

in 2006 í Laugardalshöll vakti mikla athygli.

# Laugardalshöll vakti mikla athygli. Meðferð fagfólks í Tískuteyllum SI



Dagný



SIGRÍÐUR



Níu stjórnmalakonur lögðu Tískuteyllum SI lið og þeim var veitt heildræn meðferð fagfólksins fyrir sýninguna. Afraksturinn var svo kynntur á sviðssýningu teymanna í Höllinni á sunnudeginum við mikinn fögnuð viðstaddra. Þær konur sem lögðu Tískuteyllum SI lið voru:

- Ásta Möller (D)
- Bryndís Haraldsdóttir (D)
- Dagný Jónsdóttir (B)
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S)
- Jónína Bjartmarz (B)
- Kristrún Heimisdóttir (S)
- Margrét Sverrisdóttir (F)
- Sigríður Anna Þórðardóttir (D)
- Siv Friðleifsdóttir (B)



Nánar er fjallað um módelin og fagfólk Tískuteymla SI á vefnum Meistarinn.is en þar verða jafnframt birtar ítarlegri upplýsingar um þjónustu teymanna. Hægt er að senda fyrirspurnir um teymin á netfangið [tiskuteymi@si.is](mailto:tiskuteymi@si.is).



## Matvæladagur MNÍ 2006

# Öflugur matvælaíðnaður í stöðugri framþróun

**M**atvælaíðnaður var til umfjöllunar á Matvæladegi MNÍ, árlegri ráðstefnu Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands 20. október síðastliðinn. Um 120 manns sóttu ráðstefnuna og hlýddu á áhuga-verða og efnismikla dagskrá um framþróun í flestum helstu greinum íslensks matvælaíðnaðar. Ráðstefnustjóri var Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri MS.

**Guðrún Elísabet Gunnarsdóttir, formaður félagsins**, bauð ráðstefnugesti velkomna en að því búnu setti Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, ráðstefnuna. Í setningarávarpi sínu fjallaði hann m.a. um mikilvægi starfa matvæla- og næringarfræðinga, nauðsyn þess að auka neyslu á fiski og fiskafurðum og hvatningarverkefni þar að lútandi. Að því búnu var Fjöregg MNÍ afhent en frá því var greint í síðasta hefti Íslensks iðnaðar.

**Guðjón Þorkelsson, dósent í matvælafræði við Háskóla Íslands**, hélt inngangserindi um kosti og galla matvælavinnslu. Hann gerði grein fyrir ástæðum þess að matvælavinnsla á sér stað, s.s. til að auka þægindi, tryggja

Ragnheiður Héðinsdóttir matvælafræðingur



öryggi, lengja geymsluþol, auka fjölbreytni og staðla gæði. Vinnsluáðferðir mega hins vegar ekki skaða matvælin þannig að það komi niður á bragðgæðum og næringarinnihaldi. Flestir neytendur segjast kjósa fersk og óunnin matvæli en samt verða þau að uppfylla allar fyrrgreindar kröfur. Þetta staðfesti Sigurgeir Höskuldsson, Norðlenska, í erindi sínu en hann fjallaði um þróun í kjötiðnaði. Fólk vill fljótlegar, hollar, ferskar og bragðgóðar vörur sem halda gæðum sínum við geymslu.

**Niels Rafn Guðmundsson hjá Iceland Seafood International** sagði frá þróun í vinnslu fiskafurða en fiskvinnsla hefur þurft að laga sig að mjög breyttum aðstæðum á mörkuðum. Mikil eftirspurn er nú eftir ferskum fiski á erlendum mörkuðum og sífellt meira flutt út af ferskum flökum og flakabitum beint til stórverslana í Evrópu og Bandaríkjunum.

**Björn Gunnarsson hjá MS** sagði frá vörubrúnaðarferli stoðmjólkur en hún er alíslensk afurð þróuð í samvinnu við Rannsóknastofu í næringarfræði með næringarþarfir íslenskra barna á aldrinum sex mánaða til tveggja ára að leiðarljósi. Stoðmjólkinn er járnþætt og hefur æskilegri próteinsamsetningu en þurrmjólkurblöndur og kúamjólk.

**Rúnar Ingibjartsson hjá Nóa-Sírúsi** sagði frá tækniþróunum í sælgætisgerð. Ekki er gert ráð fyrir að sælgætismarkaður á Íslandi stækki meira en orðið er en að hann dragist frekar saman. Sóknarfæri felast því fremur í afkastaukandi tæknivæðingu og útflutningi og fyrir-tækjarekstri erlendis.

**Halldóra Tryggvadóttir hjá Ölgarðinni Agli Skallagrímssyni** fjallaði um markaðssetningu matvæla. Hún gerði m.a. grein fyrir þeim öru breytingum sem hafa orðið á drykkjarvörumarkaðnum en hlutdeild sykurlausra kólarykkja á markaði er nú stærri en þeirra sykrðu og sala á vatnsdrykkjum hefur stórukist.

**Gunnlaugur Karlsson hjá Sölufélagi garðyrkjumanna** lýsti grænmetismark-

aðnum en fjölbreytni á íslenskum markaði hefur aukist gríðarlega undanfarin ár og eftirspurn eftir handhægum og fljótlefum unnum vörum er ört vaxandi.

**Iðunn Geirsdóttir hjá Myllunni** sagði frá móttun heilsustefnu fyrirtækisins en Myllan leggur áherslu á að velja hráefni með tilliti til næringareiginleika framleiðsluvara. Nú er notuð olía í pylsu- og hamborgarbrauð í stað smjörlíkis og transítusýrulaust smjörlíki notað í kaffibrauði, dregið hefur verið úr notkun sykurs eftir föngum og úrval trefjaríkra afurða aukið til muna.

**Jón Ögmundsson hjá Lýsi** sagði frá vinnslu lýsis og markaðssetningu þess sem hollustuvöru. Fyrirtækið tryggir að hollusta lýsisafurða skerðist ekki vegna þrávirkra mengunarefna, þungmálma eða rangra vinnsluáðferða. Stefna fyrirtækisins er að framleiða og selja eingöngu heilnæmar vörur sem neytendur geta treyst og geta bætt heilsu og líðan þeirra og stunda þróun til að auka framboð á hollum vörum.

**Guðný E. Ingadóttir**, flutti mjög áhugavert erindi sem hún nefndi „Hvað ræður vali neytandans?“ Þar gerði hún grein fyrir því hvað hefur áhrif á val hennar sem venjulegs, tiltölulega vel upplýsts neytanda sem vill velja það besta fyrir fjölskyldu sína en þó innan tiltekinna verðtakmarkana. Helstu innri áhrifavaldar eru tími, verð, ferskleiki og að varan sé íslensk en að ytri áhrifavaldar á móti séu auglýsingar, útstilling vöru og umbúðamerkingar.

**Margrét Geirsdóttir á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins** lýsti þróun í matvælaíðnaði í framtíðinni en erindi hennar fjallaði um nýfæði og markfæði. Nýfæði eru matvæli sem eru framleidd með nýjum vinnsluáðferðum eða hafa hingað til ekki verið hefðbundin neysluvara. Hins vegar hefur markfæði það fram yfir hefðbundin matvæli að hafa einhver góð, heilsusamleg áhrif á neytandann umfram það að gefa orku og næringu.

Erlendur gestafyrirlesari á ráðstefnunni var Dr. Tim Lang, prófessor við City University í London fjallaði um hollustustefnu og ábyrgð matvælaíðnaðarins og samfélagsins í heild. Dr. Lang hefur rannsakað breytingar á fæðuvenjum fólks með bættum efnahag og áhrif þess á heilsuna. Einnig hefur hann skoðað matvælastefnu fyrirtækja, m.a. hve mikla eða litla áherslu stærstu matvælafræðingurinn Evrópu leggja á hollustu framleiðslu sinnar. Hann telur að stórverslanir séu miklir áhrifavaldar vegna þess að þær ráði mjög miklu um vörufurðum á matvælamarkaði.

Ragnheiður Héðinsdóttir

## Könnun á umfangi upplýsingatækni innan stofnana ríkisins

Nýlega lauk ráðgjafafyrirtækið Intellecta gerð könnunar á umfangi upplýsingatækni innan stofnana ríkisins. Könnunin var unnin fyrir Samtök iðnaðarins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Meðal annars var aflað upplýsinga um umfang hugbúnaðargerðar og rekstrarþjónustu hjá ríkisstofnunum m.t.t. þeirra stöðugilda sem fara í slíka vinnu. Kaup á hugbúnaðargerð og rekstrarþjónustu voru könnuð og almennt viðhorf til úthýsingar bæði á hugbúnaðargerð og rekstrarþjónustu.

Helstu niðurstöður eru þær að heildarstöðugildi árið 2006 eru um 330, 115 í hugbúnaðargerð og 215 í rekstrarþjónustu. Heildarkostnaður vegna kaupa árið 2006 er um 2,4 milljarðar, 1,5 milljarðar í hugbúnaðargerð og um 900 milljónir í rekstrarþjónustu.

Ítarlegar niðurstöður verða kynntar innan skamms og könnunin verður aðgengileg á vef SI.

Guðmundur Ásmundsson





# Framúrskarandi ungu fólki engin takmörk sett og allir vegir færir

Um fjórtíu nemendur Vinnuskóla Reykjavíkur hlutu viðurkenningu og meðmæli SI

Á útskriftarhátíð Vinnuskóla Reykjavíkur veittu Samtök iðnaðarins hátt í fjórtíu ungmennum viðurkenningu og meðmæli Samtakanna fyrir framúrskarandi mat hjá leiðbeinendum fyrir afköst, áhuga, verkvit, hlýðni, færni í samskiptum og stundvísi - en allir nemendur fá vinnuskólamat sem er ígildi starfsfærni-mats.

Síðastliðið sumar störfuðu um 2.700 nemendur og 300 starfsmenn við Vinnuskólann. Í haust voru valdir 38 nemendur úr elsta árgangi skólans sem voru til fyrirmyndar og sýndu framúrskarandi árangur í starfi en skólinn leggur áherslu á vinnusemi, verklag og afköst. Fyrirmyndarnemendur eru stundvísir, afkastamiklir, áhugasamir, úrræðagóðir, með verkvit, hlýða fyrirmælum, eru færir í samskiptum, árangursmiðaðir, hvetjandi og skapandi.

Allir nemendur Vinnuskólans fengu vinnuskólamat sem er ígildi starfsfærni-mats. Að auki fengu útskriftarnemendur viðurkenningu frá Vinnuskólanum, SI og SPRON en hjá þeim tveimur síðarnefndu liggur fyrir skilningur á því að styðja enn frekar við þessa efnilegu nemendur. Með fræðslu og svokölluðum sprotaverkefnum er leitast við að leggja áherslu á tilgang vinnunnar og hvetja ungt fólk til að bæta og prýða borgarsamfélagið. Í þeim tilgangi fá nemendur fjölbreytta fræðslu á vettvangi.

Vinnuskólinn skapar traust vinnuumhverfi fyrir nemendur sem fá leiðsögn og tækifæri til að fræðast um þau gildi sem hver vinnandi manneskja þarf að ná tökum á. Skólinn hefur þá sérstöðu að geta fléttað saman markmið í lífsleikni og

umhverfismál. Vinnuskóli Reykjavíkur starfar eftir grænu skipulagi með áherslu á umhverfis- og heilbrigðislæsi og með því að styrkja borgarvitund nemenda.

Samtök iðnaðarins óska þessum efnilega hópi ungs fólks til hamingju með árangurinn og minnir á að framúrskarandi ungu fólki eru engin takmörk sett og allir vegir færir til náms og starfa í íslenskum iðnaði.

Brynjar Ragnarsson



Nemandinn hefur hlotið framúrskarandi mat leiðbeinenda Vinnuskóla Reykjavíkur fyrir **afköst, áhuga, verkvit, hlýðni, færni í samskiptum og stundvísi** og hlýtur af því tilefni viðurkenningu og meðmæli Samtaka iðnaðarins. Framúrskarandi ungu fólki eru engin takmörk sett og allir vegir færir til náms og starfa í íslenskum iðnaði.



## Stórsýning tileinkuð tækniþróun og þekkingariðnaði á Íslandi

Samtök iðnaðarins eru formlegir samstarfsaðilar að Tækni og Viti 2007 - fagsýningu tækni- og þekkingariðnaðarins sem haldin verður í Fífunni í Kópavogi dagana 8. til 11. mars næstkomandi. Sýningin er tileinkuð tækniþróun og þekkingariðnaði en markmið hennar er að kynna nýjungar og þjónustu sem stendur til boða í tækni- og þekkingariðnaði og tengdum greinum.

Undirbúningur fer vel af stað og skráning sýnenda hafin. Um 40% af sýningarsvæðinu hafa nú þegar verið bókun og greinilegt að hugur er í tækni- og þekkingarfyrirtækjum um þessar mundir. AP sýningar, dótturfyrirtæki AP almannatengsla, standa að sýningunni en mörgum er enn í fersku minni góð skipulagning og fagleg vinnubrögð fyrir-tækisins á sýningunni Verki og viti sem haldin var við góðar undirtektir í nýju Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal í vor.

Nánari upplýsingar um Tækni og vit 2007 er að finna á vefnum [www.taekniogvit.is](http://www.taekniogvit.is).

# „Óbilandi trú á íslenskum iðnaði“

Á undanförunum árum hefur 35 ára gamalt fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði, Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf., haslað sér völl í atvinnulífinu með þeim hætti að eftir hefur verið tekið. Fyrirtækið sinnir afar fjölbreyttum verkefnum, s.s. nýsmíði véla og tækja, viðgerðum, viðhaldi og uppsetningu tækja og húsa svo að nokkuð sé nefnt. Auk þess er þar smíðaður búnaður fyrir álver, bæði hér á landi og víða um heim. Sú vinna hefur aukist mjög mikið að sögn Unnars Hjaltasonar sem rekur fyrirtækið ásamt Einari Þór bróður sínum.

## Hraður vöxtur fyrirtækjasteypu

Til að geta sinnt þjónustu við viðskiptavinina sína sem allra best hefur Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar, VEH, á undanförunum árum fest kaup á nokkrum dótturfyrirtækjum sem hanna og smíða vélar og íhluti í vélar. Þau eru PON – Pétur O Nikulásson sem flytur t.d. inn lyftara og vinnufatnað, Zinkstöðin sem sér um sandblástur og málningu, Landvélar sem selja allskonar búnað tengdan vökvakerfum og drifbúnaði, Vit ehf. sem flytur inn legur og ýmsan búnað þeim tengdan og loks hönnunar- og verkfræðistofan Stímir. Alls eru starfsmenn samsteypunnar nú um 150 talsins. Rekstur dótturfyrirtækjanna er sjálfstæður og aðrir stýra hinum daglega rekstri en þeir bræður segjast taka allar stærstu ákvarðanirnar. Starfstöðvar samsteypunnar eru orðnar sex, fjórar í Hafnarfirði, ein í Kópavogi og ein á Akureyri.

## Alltaf með fyrirtæki í sigti

Á síðasta ári nam velta fyrirtækisins um 1,5 milljörðum króna og á þessu ári er áætlað að hún verði á þriðja milljarð. Unnar segir að þeir bræður hafi verið orðnir þreyttir á að vera háðir undirverktökum og það hafi ráðið mestu um öra stækkun fyrirtækisins. Þeir hefðu því fylgst með fyrirtækjum sem voru til sölu og hentuðu starfseminni. Við erum alltaf með fyrirtæki í sigti enda höfum við



Einar Þór og Unnar Hjaltasonir

óbilandi trú á íslenskum iðnaði. Við höfum í raun verið að koma upp heildarsamsteypu fyrirtækja til að þjóna álverum og hefur getuna til að sinna svokölluðum alverkum og rekum nú fyrirtæki sem svarar öllum þörfum til að geta verið með á alþjóðamarkaði.”

## Góður vélakostur lykilatriði

Þeir bræður segja að starfið byggist mest á góðum vélakosti. Þeir geri samninga sem nemi 50 til 100 milljónum króna. „Við viljum hafa sjálfvirkar og snyrtilegar vélar til að skapa jákvætt umhverfi til að menn fái til að læra og vinna við þetta.“ Að sögn þeirra bræðra eru hundruð milljóna króna bundin í vélum. Stefnan er þó að smíða íhluti til að vera sjálfum sér nógir í því efni. „Við viljum skapa jákvæða ímynd, gott umhverfi hafa reksturinn sem fjölbreyttastan,“ segir Einar Þór.

## Álverin eru baklandið

Vinnan fyrir álverin hefur farið vaxandi og gengið mjög vel að sögn Unnars. „Við byrjuðum á að þróa og prófa tæki fyrir Alcan á Íslandi en það spurðist út til annarra fyrirtækja innan þeirrar samsteypu. Álheimurinn er tiltölulega mjög þröngur og allir vita allt um alla. Álverin eru kröfuharðir viðskiptavinir eins og venjan er þegar vélar og tæki eigi í hlut

og þau eru okkar bakland líkt og sjávarútvegsfyrirtækin voru fyrir Marel. Við keyptum hönnunarfyrirtækið Stími ehf. fyrir nokkru en starfsmenn þess störfuðu áður fyrir Alcan. Stímir þróa og smíðar vörur í samstarfi við Alcan og í því felst gífurlegur styrkur og úr þeirri samvinnu hefur þróast hátæknifyrirtæki.“

## Álskautaráðstefnan skilaði miklu

Unnar segir að álskautaráðstefnan, sem haldin hefur verið þrívægis hér á landi, hafi verið fyrirtækinu mikill styrkur. Þá ráðstefnu sóttu menn hvaðanæva að úr heiminum og þau tengsl, sem þar mynduðust, hafi skipt miklu máli. Reynt hafi verið að tala fyrir því að hún verði haldin aftur en það hafi ekki borið árangur. „Með ráðstefnunni á sínum tíma var sýnt fram á að hægt væri að nýta þau tækifæri sem fólust í áliðnaði hér á landi.“

## Markmiðið að gera vel

Að sögn Einars Þórs er nýliðun í vélvirkjun, stálsmíði, rennismíði og vélstjórn of lítil um þessar mundir. Þeir bræður leggja ríka áherslu á að þeir hafi frábæru starfsfólki á að skipa bæði í vélsmiðjunni og dótturfyrirtækjunum. Markmiðið er að gera eins vel og hægt er en einkunnarorð fyrirtækisins eru: „Við komum hlutunum í lag.“

# „Tæknimenntuðum fjölgar ekki nógu hratt“

segir Sigmar Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri Stjörnu-Odda

**M**iklar umræður urðu á fundi Félags um eflingu verk- og tæknifræðimenntunar um leiðir í menntakerfinu til að fjölga tæknimenntuðu fólki. Jón B. Stefánsson flutti erindi um fagháskólastigið, Sigurður Brynjólfsson ræddi um tillögur starfsnámsnefndar og Sigmar Guðbjörnsson ræddi þörf fyrir frekari fjölgun tæknimenntaðra.

Góð fundarsókn var á morgunverðarfundum Félags um eflingu verk- og tæknifræðimenntunar í síðustu viku. Heiti fundarins var: Ný tækifæri í verkfræði- og tæknifræðinámi. Áhrif tillagna starfsnámsnefndar á nám í verkfræði- og tæknifræðigreinum.

Flutt voru þrjú erindi og síðan tóku við líflegar pallborðsumræður. Sigmar Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri Stjörnu-Odda, ræddi um þörf iðnaðarins fyrir tæknimenntað fólk.

Hann ítrekaði það sem margir hafa haldið fram undanfarin missiri:

„Atvinnulífið þarf fleira tæknimenntað fólk. Þessi skortur stendur rekstri fyrirtækjanna fyrir þrifum.“ Þá sagði Sigmar að þörfin fyrir tæknimenntað fólk væri stöðug og því væri fjarri að henni væri fullnægt.

„Við erum að missa tæknimenntað fólk til útlanda,“ sagði Sigmar. „Fyrst fer það í nám. Síðan er undir hælinn lagt hvort það kemur aftur.“ Mörg dæmi eru um það að starfsfólk hjá Sigvari hafi farið til



útlanda í framhaldsnám. Nú bregður svo við að þetta fólk kemur ekki endilega heim að því námi loknu. Vinnumarkaðurinn er miklu opnari, alþjóðlegri. Ýmislegt hér heima dregur líka úr löngun þessa fólks að snúa aftur heim, m.a. alltof hátt húsnæðisverð.

Sigmar telur að tæknimenntuðu fólki hafi fækkað hlutfallslega þrátt fyrir mikla fjölgun háskólafélks á undanförunum árum. Tæknimenntuðum fjölgar ekki eins hratt og öðru háskólafélagi. Hann telur vonir standa til að ný tækni- og verkfræðideild við Háskólann í Reykjavík bæti

þetta upp. Sigmar telur að verkfræðiháskólarnir megi ekki líkjast hvor öðrum í framtíðinni. Námsframboð þeirra verði að höfða til meiri breiddar í nemendahópnum en áður.

Sigmar lagði mikla áherslu á að fulltrúar verkfræðiháskólanna ynnu verkefni með grunnskólum.

„Ég vil sjá prófessorana koma í heimsókn í grunnskólana,“ sagði Sigmar, „og heilla nemendur upp úr skónum með spennandi tilraunum og verkefnum.“

Ingi Bogi Bogason

## Fagleg og lögleg

### þjónusta í boði

Löggilt menntun klæðskera og kjólameistara tryggir viðskiptavinum faglega ráðgjöf og þjónustu í hönnun, sérsaum og framleiðslu á hverskyns fatnaði til daglegra nota, samkvæmisfatnaði, brúðarkjólum, herrafatnaði, búningum og fleiru.

Í Klæðskera- og kjólameistarafélaginu er u hátt í eitt hundrað félagar og um tuttugu fyrirtæki og vinnustofur. Merki félagsins er trygging fyrir þeirri aðild.

Samtök iðnaðarins hvetja landsmenn að skipta aðeins við fagfólk með tilskilin réttindi - og það er að finna á Meistarinn.is



TÍSKU  
TEYMI

Klæðskera &  
Kjólameistara  
félagið

meistarinn  
is

www.meistarinn.is

Gríðarleg aðsókn að Meistarinn.is í tengslum við átök fagfélaga og kynningar SI:

# Um 35 þúsund flettingar að meðaltali á mánuði

Mikil tækifæri fyrir aðildarfyrirtæki - segir Brynjar Ragnarsson markaðsstjóri SI



Kynning SI á byggingar-  
iðngreinum í febrúar og mars:  
**Tryggðu þér meistara  
og fagmenn þegar  
vanda skal til verks**



Kynning í mars í tengslum við  
Verk og vit 2006 í Laugardalshöll:  
**Þar sem þú finnur  
fagmenn til verksins**



Markaðsátak Félags íslenskra  
snyrtifræðinga frá miðjum apríl  
og út maímánuð:  
**Fagleg og lögleg  
þjónusta í boði**



Kynning Landsambands bakara-  
meistara í byrjun september:  
**Holl og góð brauð**

Síðari hluti átaks Félags íslenskra  
snyrtifræðinga:


**Fagleg og lögleg ...**



Kynning SI í tengslum við  
syninguna Konan í Laugardalshöll:  
**Tískuteymi-SI**



Kynning Klæðskera- og kjóla-  
meistarafélagsins:  
**Fagleg og lögleg ...**



Meistarinn.is - Aðsókn (flettingar) og kynningar á tímabilinu frá janúar til októberloka

**Meistarinn.is hefur tekið stakka-  
skiptum eftir gagngerar breyt-  
ingar og endurbætur sem tóku  
gildi um síðustu áramót. Meðal  
annars uppfærast upplýsingar  
um fyrirtæki, meistara og  
fagfólk, sjálfkrafa um leið og  
breytingar eru gerðar í félagatali  
Samtaka iðnaðarins. Sem fyrr  
birtir vefurinn eingöngu nöfn  
fyrirtækja og einyrkja sem eiga  
aðild að SI.**

Meistarinn.is hóf göngu sína fyrir tæp-  
um fjórum árum með það að markmiði  
að vera aðgengilegur miðill fyrir neytend-  
ur til að finna upplýsingar um þau fyrir-  
tæki, meistara og fagfólk sem eiga aðild  
að SI. Vefurinn hefur þótt gott hjálpar-

tæki í almennu markaðs- og kynningar-  
starfi SI og fagfélaganna enda hefur  
hann verið vel kynntur í tengslum við  
ýmis átaksverkefni og viðburði á þeirra  
vegum.

Í samkeppni um athygli neytenda sýna  
nýjustu mælingar að gríðarleg aðsókn er  
að vefnum í tengslum við átaksverkefni  
fagfélaga og kynningar SI og ljóst að  
Meistarinn.is gegnir nú veigameira hlut-  
verki í ört vaxandi markaðs- og kynning-  
arstarfi félagsmanna en áður. Um 35  
þúsund flettingar eru að meðaltali á  
mánuði og „aðsókn stundum hreint með  
ólíkindum“ að sögn Brynjars Ragnars-  
sonar, markaðsstjóra SI.

Meistarinn.is er í svokallaðri „virkri  
vefmælingu“ sem þýðir að aðsókn hans  
er mæld með sama hætti og t.d. hinn  
landsþekkti fréttavefur mbl.is. Í mæling-

um er tekið mið af fjölda gesta og notkun  
þeirra á vefnum, þ.e. flettingum síðna.  
Áhugavert er að skoða samhengið milli  
aðsóknar og átaksverkefna hverju sinni  
en eins og sjá má á meðfylgjandi mynd  
er notkunin allgóð og að mati sérfræð-  
inga með allra besta móti.

Mikil tækifæri standa aðildarfyrirtækj-  
um SI til boða varðandi frekari notkun  
vefsins en SI kynna félagsmönnum það  
bréflega innan skamms. Ljóst er að með  
aukinni samvinnu fagfélaga og fyrirtækja  
innan SI geta þau bætt mjög um betur í  
markaðs- og kynningarstarfi sínu og náð  
til fjölda fólks um land allt gegnum  
markaðsvefinn Meistarinn.is.

Nánari upplýsingar um vefinn veitir  
Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri SI.